



Ársskýrsla 2024

Sparisjóður Höfðhverfinga hf.

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	2 - 3
Áritun óháðra endurskoðenda	4 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 -9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 21

Sparisjóður Höfðhverfinga hf.
Kennitala 590424-1450
Túngötu 3, Grenivík

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Reikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 1,7 millj. kr. (var 23,1 millj. kr. 2023) en bókfært eigið fé í lok ársins 2024 nam 555,4 millj. kr. (var 553,7 millj. kr. í lok ársins 2023). Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 21,98% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

Rekstrarumhverfið reyndist sparisjóðnum krefjandi á árinu og ber rekstrarniðurstaðan þess merki. Þróun verðbólgu og vaxta hafði neikvæð áhrif á vaxtamun sparisjóðsins en vaxtalækkunar Seðlabankans í lok ársins benda til þess að jafnvægi sé að nást sem styður við hagkerfið og mun þá einnig hafa jákvæð áhrif á rekstur sparisjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur óskað eftir viðræðum við aðra sparisjóði um sameiningu sjóðanna og vonast stjórn til þess að hefja formlegar viðræður við annan sparisjóð á árinu 2025.

Fjármálaeftirlitið hefur metið eiginfjárbörf sparisjóðsins út frá SREP ferli og er eiginfjárfrafan nú að viðbættum eiginfjárauðum 17,80%.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 7,5 á árinu og nam launakostnaður samtals 114,9 millj.kr.

Breytt rekstrarform

Á aðalfundi sparisjóðsins 23. maí 2024 samþykktu stofnfjáreigendur einróma að breyta félagaformi sparisjóðsins í hlutafélag. Hinn 24. maí 2024 samþykkti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands samruna Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. við Sparisjóð Höfðhverfinga hf. Með samrunanum var rekstrarformi sparisjóðsins breytt úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag samkvæmt 73.gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. mgr. 72. gr. og 106. gr. sömu laga.

Við breytinguna hélt starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu og Sparisjóður Höfðhverfinga hf. tók við rekstri Sparisjóðs Höfðhverfinga ses.

Hlutafé sparisjóðsins í lok ársins 2024 nam 538,3 millj. kr. og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hlutafé sjóðsins var í eigu 83 aðila. Eftirtaldir aðilar áttu meira en 1% hlutafjár og hafa allir íslenskt ríkisfang:

KEA svf.	49,8%
Sænes ehf.	26,5%
Ásgeir í Höfða ehf.	3,1%
Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses.	2,3%
Eining-löja	2,2%
DB.Sveinn Jóhannesson	2,0%
Sparisjóður Austurlands hf.	1,7%
Sparisjóður Strandamanna hf.	1,0%
Aðrir	11,4%
Samtals	100,0%

KEA svf. er samvinnufélag með um 20 þúsund félagsmenn. Sænes ehf. er í 100% eigu Grýtubakkahrepps. Ásgeir í Höfða ehf. er í eigu Heimis Ásgeirssonar.

Sjálfbærni

Sparisjóðurinn hefur frá upphafi stutt við uppbyggileg samfélagsleg verkefni. Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að styðja við nær samfélagið og samkvæmt 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2022 skuli sparisjóðir ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs í samfélagsleg verkefni.

Sparisjóðurinn gaf út sjálfbærnistefnu snemma á árinu 2024. Tilgangur stefnunnar er að skilgreina megináherslur sparisjóðsins um sjálfbærni, þ.e. í umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS), og greina þau áhrif sem starfsemi hans getur haft á sitt nærumhverfi. Sparisjóðurinn hefur valið ákveðna UFS þætti til að leggja áherslu á í starfseminni, sem eins konar leiðarljós til þess að láta gott af sér leiða fyrir samfélagið, viðskiptavinum, aðra hagaðila og fyrir eigin starfsemi.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að reikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31.12.2024 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórnarháttayfirlýsing og ófjárhagslegar upplýsingar eru birtar í skýringum.


Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga hafa í dag rætt ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni.

Grenivík, 12. mars 2025

Stjórn:

 Sigurður Jóhann Ingólfsson, formaður	
 Halldór Jóhannsson, varaformaður	 Þóla Valborg Stefánsdóttir
 Heimir Ásgeirsson	 Sverrir Gestsson

Sparisjóðsstjóri:


Jón Ingvi Árnason

Áritun óháðs endurskoðenda

Til hluthafa og stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Höfðhverfinga fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sparisjóði Höfðhverfinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Sparisjóði Höfðhverfinga óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sparisjóðsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Mat útlána Útlán til viðskiptavina sjóðsins námu 5.710 milljónum í árslok. Niðurfærsla vegna vænts útlánataps námu 29,7 milljónum í árslok. Ákvörðun um mat á virðisrýrnun útlána er háð mati stjórnenda. Vegna mikilvægis matsins, umfangs þess og áhrifa á ársreikninginn teljum við mat á virðisrýrnun útlána vera megináherslu við endurskoðun okkar. Greint er frá útlánnum í skýringum nr. 7, skýrt er frá reikningsskilaaðferðum í tengslum við vænt útlánatap í skýringu nr. 2.	Við höfum lagt mat á virðisrýrnun útlána. Við endurskoðun okkar lögðum við mat á hvort aðferðarfræði sjóðsins sé í samræmi við reikningsskilareglur. Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Gagnaendurskoðun á útlánnum og virði trygginga. - Lögðum mat á varúðarniðurfærslu útlána og taphættu í tengslum við útlánasafn sjóðsins - Við höfum farið yfir hvort skýringar vegna útlána séu í samræmi við lög um ársreikninga

Áritun óháðs endurskoðenda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og sparisjóðsstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra, yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og sparisjóðsstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og sparisjóðsstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sparisjóðs Höfðhverfinga. Ef við á, skulu stjórn og sparisjóðsstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og sparisjóðsstjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirlitandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðenda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur sparisjóðsins hefur Deloitte veitt sjóðnum aðra heimilaða þjónustu sem er endurskoðun árs hlutareiknings. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við stjórn og endurskoðunarnefnd að við erum óháð Sparisjóði Höfðhverfinga.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Kosning endurskoðanda

Deloitte var kjörð endurskoðandi Sparisjóðs Höfðhverfinga á aðalfundi sjóðsins þann 23. maí 2024. Deloitte hefur verið endurskoðandi Sparisjóðs Höfðhverfinga síðan á aðalfundi sjóðsins árið 2016.

Akureyri, 12. mars 2025.

Deloitte ehf.


Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		194.369	124.233
Vaxtatekjur af útlánum		557.159	523.546
		<u>751.527</u>	<u>647.778</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af innlánum		476.286	360.008
Vaxtagjöld af víkjandi lánum		16.347	19.895
		<u>492.633</u>	<u>379.902</u>
Hreinar vaxtatekjur		258.895	267.876
Aðrar rekstrartekjur			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum		1.778	2.469
Þjónustutekjur		55.903	58.096
Þjónustugjöld		(18.288)	(14.805)
Gengishagnaður	3	420	666
Ýmsar rekstrartekjur	3	7.569	7.174
		<u>47.382</u>	<u>53.600</u>
Hreinar rekstrartekjur		306.277	321.476
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	114.912	109.458
Annar rekstrarkostnaður		170.550	158.337
Afskriftir rekstrarfjármuna		15.930	12.387
		<u>301.392</u>	<u>280.182</u>
Framlög í afskriftareikning útlána	7	(3.089)	(13.121)
Hagnaður fyrir skatta		1.795	28.173
Tekjuskattur	9	(78)	(5.071)
Hagnaður ársins		<u>1.718</u>	<u>23.102</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Sjóður		29.992	35.288
Innstæðubréf og aðrar kröfur á Seðlabanka Íslands	6	2.072.857	1.800.232
Kröfur á lánastofnanir	6	66.529	128.966
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		2.169.378	1.964.486
Útlán			
Útlán til viðskiptamanna	7	5.680.021	5.225.162
Fullnustueignir	7	50.000	50.000
Útlán samtals		5.730.021	5.275.162
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum			
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	8	2.518	13.316
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals		2.518	13.316
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	10	5.938	4.205
Óefnislegar eignir	11	69.360	68.406
Tekjuskattseign	9	7.553	7.631
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		3.861	4.747
Aðrar eignir samtals		86.712	84.989
Eignir samtals		7.988.628	7.337.953

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé og skuldir			
Innlán			
Óbundin innlán		5.628.398	4.805.583
Bundin innlán	12	1.545.975	1.728.817
Innlán samtals		7.174.373	6.534.399
Lántaka			
Lántaka	13	23.245	23.808
Aðrar skuldir			
Aðrar skuldir		75.215	72.971
Aðrar skuldir samtals		75.215	72.971
Víkjandi lán	14	160.393	153.090
Eigið fé	15		
Hlutfé		538.338	499.453
Lögbundinn varasjóður		15.518	15.346
Óráðstafað eigið fé		1.546	38.885
Eigið fé samtals		555.402	553.684
Eigið fé og skuldir samtals		7.988.628	7.337.953
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og aðrar upplýsingar	16		
Áhættustýring og eftirlit	17		

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.718	23.102
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar		(64.562)	(39.640)
Framlag í afskriftareikning útlána	7	3.089	13.121
Tekjuskattsinneign, breyting	9	78	5.071
Aðrir liðir		15.930	12.387
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		886	(1.560)
Handbært fé frá rekstri		(42.861)	12.480
Fjárfestingahreyfingar			
Kröfur á lánastofnanir, breyting		(89.438)	(48.892)
Útlán, breyting		(307.966)	(190.948)
Fjárfestingarhlutabréf, breyting		10.798	0
Kaupverð rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna		(18.617)	(3.809)
Fjárfestingahreyfingar		(405.222)	(243.649)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innlán, breyting		561.856	633.689
Lántaka, breyting		(563)	5.607
Ýmsar skuldir, breyting		2.244	8.357
Fjármögnunarhreyfingar		563.537	647.653
Breyting á handbæru fé		115.454	416.484
Handbært fé í upphafi árs		1.742.391	1.325.907
Handbært fé í lok árs		1.857.846	1.742.391

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Höfðhverfinga hf. Heimilisfang sparisjóðsins er að Túngötu 3, 610 Grenivík. Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og stundar sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í lögnum.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í desember 2024. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau þjónustugjöld eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstandur af tekjuskatti til greiðslu vegna tímabilsins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Fjársýsluskattur

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sjóðsins.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun þann 31.12.2024. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2025 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok desember 2024.

Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhhættu. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar í reikningi sparisjóðsins á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði reynist það lægra.

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuhlutabréf. Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði, áætluðu gangvirði eða samkvæmt innra virði. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði miðað við lok desember 2024.

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Innréttingar og húsbúnaður	5 - 10 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3 - 7 ár

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir sjóðsins samanstanda af hugbúnaði. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Áætlaður nýtingartími:

Hugbúnaður	4 - 10 ár
------------------	-----------

Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Lántaka

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau vikja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 14. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í desember 2024.

3. Aðrar rekstrartekjur

	31.12.2024	31.12.2023
Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:		
Hagnaður af sölu hlutabréfa	1.778	2.469
Gengishagnaður greinist þannig:		
Veltu- og fjárfestingarhlutabréf	26	369
Gjaldeyrstengdar eignir og skuldir	374	297
Samtals	420	666
Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:		
Húsaleiga	7.569	7.174
Samtals	7.569	7.174

Skýringar

4. Starfsmannamál

	31.12.2024	31.12.2023
Starfsmannafjöldi sparisjóðsins umreiknaður í heilsársstörf er sem hér segir:		
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	7,5	7,5
Stöðugildi í lok ársins	8,6	7,9
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	88.907	84.724
Launatengd gjöld	20.012	19.071
Fjársýsluskattur	5.994	5.663
Laun og launatengd gjöld samtals	114.912	109.458
Laun og þóknarir til stjórnar, sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna sundurliðast þannig:		
Sigurður Jóhann Ingólfsson, stjórnarformaður	2.655	2.400
Halldór Jóhannsson, varaformaður stjórnar	1.240	1.200
Snjólaug Svala Grétarsdóttir, stjórnarmaður	505	1.200
Fjóla Valborg Stefánsdóttir, stjórnarmaður	1.240	1.200
Heimir Ásgeirsson, stjórnarmaður	1.240	1.200
Sverrir Gestsson, varamaður í stjórn	791	56
Jón Ingvi Árnason, sparisjóðsstjóri	27.866	25.985
Samtals	35.537	33.241

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 9,5 millj. kr. í lok desember 2024. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

5. Þóknun endurskoðenda

	31.12.2024	31.12.2023
Endurskoðun	6.303	8.032
Innri endurskoðun	4.300	3.535
Önnur þjónusta	462	196
Samtals	11.065	11.763

6. Kröfur á lánastofnanir

	31.12.2024	31.12.2023
Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:		
Gjaldkræfar kröfur	627.854	907.104
Allt að 3 mánuðir	1.200.000	800.000
Bundnar kröfur	311.532	222.094
Samtals	2.139.386	1.929.198

Skýringar

7. Útlán

	31.12.2024	31.12.2023
Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:		
Yfirdráttarlán	295.956	261.475
Skuldabréf	5.384.065	4.963.687
Samtals	5.680.021	5.225.162

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríki og sveitarfélög	0,2%	0,2%
Atvinnugreinar		
Landbúnaður	0,8%	0,9%
Sjávarútvegur	0,9%	1,1%
Verslun	2,3%	1,9%
Iðnaður og verktakar	1,1%	1,7%
Þjónusta	6,0%	6,5%
Einstaklingar	88,8%	87,6%
Samtals	100,0%	100,0%

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán	45.386	105.115
Allt að 3 mánuðir	228.128	165.357
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	514.709	436.991
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	492.936	516.331
Yfir 5 ár	4.398.862	4.001.368
Samtals	5.680.021	5.225.162

Fullnustueignir greinast þannig:

Fasteignir	50.000	50.000
	50.000	50.000

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinist þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	23.342	21.916
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(19.034)	(17.608)
Óvaxtaberandi útlán samtals	4.309	4.309

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		31.12.2024	31.12.2023
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur í upphafi ársins	17.608	11.001	28.608	28.266
Framlag í afskriftareikning á árinu	3.445	(356)	3.089	13.121
Endanlega töpuð útlán	(2.072)		(2.072)	(12.920)
Innkomið áður afskrifað	53		53	142
Afskriftareikningur útlána í lok ársins	19.034	10.645	29.678	28.608
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum	0,3%	0,2%	0,5%	0,5%

Skýringar

8. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Bókfært verð
Fjárfestingarhlutabréf:	
Óskráð hlutabréf	2.518
Samtals	2.518

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutdeild	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Reiknistofa bankanna hf., Reykjavík	óverul.	0	106	2.518
Fjárfestingarhlutabréf, samtals		0		2.518

9. Reiknuð skatteign

Breytingar skatteignar á árinu greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	7.631	12.702
Breyting skatteignar á árinu	(78)	(5.071)
Reiknuð skatteign í lok ársins	7.553	7.631

Reiknuð skatteign skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Gjaldmiðlagengismunur	(70)	(12)
Rekstrarfjármunir	468	691
Óefnislegar eignir	(2.097)	(2.266)
Útlán	5.936	5.722
Yfirfæranlegt skattalegt tap	3.316	3.496
Reiknuð skatteign í lok ársins	7.553	7.631

Yfirfæranlegt tap sparisjóðsins nam 16,6 millj. kr. og skatteign nam 7,6 millj. kr. í lok árs 2024

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húsbúnaður og áhöld
Stofnverð í upphafi árs	52.640
Eignfært á árinu	2.186
Stofnverð í lok ársins	54.826
Afskrifað áður	54.634
Afskrifað á árinu	453
Afskrifað samtals	55.087
Bókfært verð í ársbyrjun	4.205
Bókfært verð í lok ársins	5.938
Afskriftarhlutföll	10-33%

Fasteignamat húseigna og lóða, þar með talið fullnustueigna, nam í lok tímabils 44 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 86,8 millj. kr. og váttryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 75,2 millj. kr.

Skýringar

11. Óefnislegar eignir

Hugbúnaður félagsins greinist þannig:	Hugbúnaður
Stofnverð í upphafi árs	104.775
Eignfært á árinu	16.431
Stofnverð í lok ársins	121.206
Afskrifað áður	36.369
Afskrifað á árinu	15.477
Afskrifað samtals	51.846
Bókfært verð í ársbyrjun	68.406
Bókfært verð í lok ársins	69.360
Afskriftarhlutföll	10-25%

12. Innlán

Bundin innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	31.12.2024	31.12.2023
Allt að 3 mánuðir	53.508	27.674
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	90.873	28.011
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	94.553	532.088
Yfir 5 ár	1.307.041	1.141.044
Samtals	1.545.975	1.728.817

13. Lántaka

	31.12.2024	31.12.2023
Uppgjörsreikningar við banka	23.245	23.808
	23.245	23.808

14. Víkjandi lán

	31.12.2024	31.12.2023
Verðtryggð lán, vextir 4,7%, gjalddagi 2029	80.659	76.986
Verðtryggð lán, vextir 6,5%, gjalddagi 2029	79.735	76.104
Víkjandi lán samtals	160.393	153.090

Skýringar

15. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé sparisjóðsins nemur 538,3 millj. kr. og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

Yfirlit um eigið fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	499.453	15.346	38.885	553.684
Endurmat stofnfjár	38.885		(38.885)	
Hagnaður ársins			1.718	1.718
Tillag í lögbundinn varasjóð		172	(172)	
Eigið fé í lok ársins	538.338	15.518	1.546	555.402

Eigið fé í lok ársins 2024 nemur 555,4 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 21,98%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Fjármálaeftirlitið mat eiginfjárbörf sparisjóðsins samkvæmt SREP ferli m.v. 31.12.2021. Með tilkomu eiginfjárauka sem lagðir hafa verið á fjármálastofnanir í landinu frá janúar 2016 skal eiginfjárlutfall sparisjóðsins vera 17,8% frá 4. desember 2024. Hluti eiginfjáraukanna tekur mið af þjóðfélagsaðstæðum og getur breyst með breyttum aðstæðum.

Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Heildar eigið fé	555.402	553.684
Skatteign	(7.553)	(7.631)
Öfnislegar eignir - hugbúnaður	(54.608)	(54.444)
Víkjandi lán	160.393	153.090
Eiginfjárgrunnur samtals	653.634	644.700

Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:

Útlánaáætla	191.201	180.160
Markaðsáætla	170	742
Rekstraráætla	46.495	45.367
Eiginfjárkrafa	237.866	226.269

Eiginfjárlutfall	22,0%	22,8%
------------------------	-------	-------

Vogunarhlutfall

Eftirfarandi tafla sýnir vogunarhlutfall Sparisjóðsins 31. desember 2024. Viðmið um vogunarhlutfall Sparisjóðsins eru byggð á tilskipun Evrópusambandsins um eiginfjákröfur (CRD IV og CRR) sem innleiðir Basel III staðalinn. Lágmarkskrafa vogunarhlutfalls samkvæmt 30. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 3%.

	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé þáttar 1	493.240	491.610
Áhættuskuldbindingar		
- Liðir innan efnahags	8.015.366	7.362.450
- Liðir innan efnahags - Kröfur á seðlabanka	(2.072.857)	(1.800.232)
- Liðir innan efnahags - Sjóður	(29.992)	(35.288)
- Liðir utan efnahags	47.232	54.924
- Lögbundnir frádráttarliðir eigin fjár þáttar 1	(62.162)	(62.074)
Heildaráhættuskuldbindingar	5.897.587	5.519.780
Vogunarhlutfall	8,4%	8,9%

Skýringar

16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og aðrar upplýsingar

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	14.807	13.599
Ónotaðar yfirdráttar, lána og kortaheimildir	384.390	468.667

Sparisjóðurinn hefur veitt ábyrgðir fyrir tengda aðila og nema þær 6 millj. kr. í lok árs 2024.

Sparisjóðurinn er aðili að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og greiðir í sjóðinn samkvæmt gildandi lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Ekki hefur verið greitt til sjóðsins á árinu 2024 (ekki heldur á árinu 2023).

Leigusamningar

Sparisjóðurinn hefur gert samninga um leigu á fasteignum og lóðum sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Samningsbundinn leigutími fasteigna er ótímabundinn með 6 mánaða uppsagnarfresti. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 20.149 þús.kr. á árinu 2024 (2023: 19.337 þús.kr.) og eru framsettar í línunni annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi. Stærsti leigusamningur félagsins er vegna leigu á atvinnuhúsnæði á Akureyri og er hann ótímabundinn með 6 mánaða uppsagnarfresti.

Taflan hér að neðan sýnir greiningu á samningsbundnum lágmarksgreiðslum þar sem Sparisjóðurinn er leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar

	31.12.2024	31.12.2023
Innan árs	10.260	9.764
	10.260	9.764

Samkvæmt 14. gr. samþykktu sparisjóðsins skal sparisjóðurinn ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Úthlutun styrkja á ársinu 2024 vegna rekstrarársins 2023 nam kr. 1.638 þús. og skiptist þannig:

Íþróttafélagið Magni	370
KA/Þór Handbolti kvenna	300
Þór/KA Kvennaknattspyrna	300
Útgerðarminjasafnið á Grenivík	150
Upphált - Upplestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri	130
Velferðarsjóður Eyjafjarðarsvæðis	100
Minningarsjóður Arnars Gunnarssonar	50
Grenivíkurgleði	50
Grenivíkurskóli - Bækur	50
Skíðafélag Akureyrar	45
Lionklúbburinn Hængur	25
Lionklúbburinn Akureyrar	25
Aðrir styrkir	43
	1.638

17. Áhættustýring og eftirlit

Starfsemi sparisjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu og áhættuþætti sem geta haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, markaðsáhætta, vaxtaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Áhættustýring sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Starfsmenn sjóðsins framkvæma eftirlitsaðgerðir og sinna skýrslugerð varðandi mismunandi áhættuþætti. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegri framkvæmd áhættustýringar samkvæmt umboði frá stjórn.

Útlánaáhætta:

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána til viðskiptamanna sjóðsins og felst hættan í því að viðskiptamenn sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sjóðurinn er einnig opinn fyrir útlána eða mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Stjórn setur útlánareglur og ákveður lánastefnu sjóðsins. Stjórn ákveður einnig útlánaheimildir sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna sjóðsins. Stjórn tekur ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir sparisjóðsstjóra.

Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að bæta gæði útlána og betri útlánadreifingu. Lánaferlar sjóðsins eru til stöðugar skoðunar og áhersla er á að bæta gagnasöfnun, skjalagerð og skráningu.

Lausafjáraáhætta:

Í lausafjáraáhættu felst hættan á því að sparisjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lausafjárstýring sjóðsins felst í greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til þess að hægt sé að endurgreiða allar skuldir á gjalddaga og til að tryggja að sjóðurinn hafi ávallt nægt laust fé til þess að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Markaðsáhætta:

Í markaðsáhættu felst hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á markaðsvirði fjáreigna og fjárskulda. Markaðsáhætta er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Vaxtaáhætta:

Í vaxtaáhættu felst áhætta vegna vaxtasveiflna á markaði og mismunandi binditíma vaxtaberandi eigna og skulda. Sjóðurinn stefnir ávallt að því að hámarka nettó vaxtatekjur að teknu tilliti til settra áhættuviðmiða.

Sjóðurinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu þar sem hluti eigna og skulda er tengdur vísitölu neysluverðs.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam í lok ársins 2024 kr. 3.563 millj. (kr. 2.725 millj. í lok ársins 2023) og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam kr. 1.706 millj. á sama tíma (kr. 1.882 millj. í lok ársins 2023).

Gjaldeyrisáhætta:

Í gjaldeyrisáhættu felst hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Sjóðurinn fylgist vel með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt og stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu þannig að jafnaði sé jafnvægi milli eigna og skulda í erlendum myntum. Sjóðurinn hefur þó heimildir til þess að víkja frá þeirri stefnu enda sé hann innan marka sem sett eru í reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam í lok ársins 2024 58,8 millj. (kr. 73,7 millj. í lok ársins 2023) og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam kr. 56,7 millj. á sama tíma (kr. 64,5 millj. í lok ársins 2023).

18. Stjórnarháttayfirlýsing

Sparisjóður Höfðhverfinga fylgir tilmælum um stjórnarhætti fyrirtækja og þeim lagalegum skyldum sem á sjóðinn eru lagðar samkvæmt samþykktum og samningum.

Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttasparisjóðsins og er stuðst við 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands.

Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem sparisjóðurinn fylgir

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur með vísan til 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem taka m.a. til verkskiptingar sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.

Meginefni starfsreglna sparisjóðsins varðar:

1. Framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra
2. Sérstakt hæfi stjórnarmanna til stjórnarstarfa
3. Meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn
4. Setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaga
5. Framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna
6. Ákvarðanir um fjárfestingar sparisjóðsins

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sparisjóðsins eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi sparisjóða má nálgast á heimasíðu fjármálaeftirlitsins.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu sparisjóðsins

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Nánari upplýsingar um innra eftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum má finna í skýringu 17.

Gildi sparisjóðsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Samfélagslegt hlutverk sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 61. gr. sbr. 63. gr. laga nr. 161/2002 er að vera mikilvæg þjónustu- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað eðlileg viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og þurfa þess vegna ekki að sækja slíka þjónustu um langan veg. Með skilvirkni í rekstri og ábyrgri stjórnun mun það samfélag sem er á starfssvæði sjóðsins skv. skilgreiningu 61. gr. laga nr. 161/2002, njóta tilvistar sjóðsins þar sem hann miðlar fjármagni á milli fyrirtækja og einstaklinga. Eins og frá upphafi styður sjóðurinn við uppbyggileg samfélagsleg verkefni hafi sjóðurinn afkomu og fjárhagsstöðu til þess.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, sparisjóðsstjóra og undirnefnda stjórnar

Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn, kjörnir af hlutafjáreigendum. Kjörnir skulu tveir varamenn með sama hætti. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. mál. 2.mgr. 66.gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Sparisjóðsstjórn kys sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda og skulu þeir haldnir eftir þörfum. Fund skal jafnan halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða sparisjóðsstjóri telur þess þörf. Fundur stjórnar er því aðeins lögmætur að a.m.k. þrír stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Sé fundur eigi fullskipaður þarf samþykki þriggja til gildrar ályktunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum sparisjóðsstjórnar, skulu bókaðar í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra. Snjólaug Svala Grétarsdóttir sagði sig úr stjórn þann 12. júní 2024 og hefur Sverrir Gestsson 1. varamaður setið stjórnarfundi í staðinn.

Stjórn sparisjóðsins skipa:

Sigurður Jóhann Ingólfsson (1954), Grenivík, stjórnarformaður
Halldór Jóhannsson (1972), Akureyri, varaformaður
Fjóla Valborg Stefánsdóttir (1971), Grenivík, meðstjórnandi
Heimir Ásgeirsson (1963), Grenivík, meðstjórnandi
Sverrir Gestsson (1971), Akureyri, 1. varamaður

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Stjórn sparisjóðsins metur þörf fyrir stofnun undirnefnda. Undirnefndir starfa í umboði stjórnar og ber stjórn sparisjóðsins ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda.

18. Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Stjórn sparisjóðsins skipaði þann 11. júní 2020 Soffiu Ragnarsdóttur, Kolbein Friðriksson og Sigurð Jóhann Ingólfsson í endurskoðunarnefnd. Stjórn hefur staðfest óbreytta nefndarskipan á árunum 2021-2024. Endurskoðunarnefnd sparisjóðsins er eftirlitsnefnd og gegnir því hlutverki að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu, endurskoðun ársreiknings, óhæði endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda. Auk þess skal endurskoðunarnefnd setja fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, sbr. IX. kafla A, laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Stjórn sparisjóðsins tilnefndi á stjórnarfundi 11. maí 2016 sitjandi stjórnarmenn í áhættunefnd sparisjóðsins. Stjórn hefur staðfest óbreytta tilhögun um nefndarskipan á árunum 2017-2024. Nefndin sinnir þeim verkefnum og skildum sem tilgreind eru í 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og kemur nefndin m.a. að mótun áhættustefnu og áhættuvilja sparisjóðsins.

Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir sparisjóðnum og stórum hluthöfum

Eftirfarandi stjórnarmenn eru óháðir sparisjóðnum og stórum hluthöfum sparisjóðsins:

Heimir Ásgeirsson

Eftirfarandi stjórnarmenn eru óháðir sparisjóðnum en háðir stórum hluthöfum sparisjóðsins:

Fjóla Stefánsdóttir, stjórnarmaður í Sænesi ehf.

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA svf.

Jóhann Ingólfsson, stjórnarmaður í KEA svf. og framkvæmdastjóri Sæness ehf.

Sverrir Gestsson, starfsmaður KEA svf.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu sparisjóðsstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun sparisjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins.

Upplýsingar um sparisjóðsstjóra

Jón Ingvi Árnason (1970), var ráðinn sparisjóðsstjóri frá og með 1. ágúst 2012. Jón Ingvi er verkfræðingur (Cand.Scient) frá Háskóla Íslands 1996 og með meistaragráðu í verkfræði (M.Sc.) frá Danmarks Tekniske Universitet 1998. Hann lauk árið 2007 prófi í verðbréfavíðskiptum – sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann hefur viðtæka reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja og ráðgjafafyrirtækja auk stjórnunarreynslu hjá fjármálafyrirtækjum. Jón Ingvi hefur starfað á íslenskum fjármálamarkaði frá árinu 2004. Hann gegnir ekki öðrum trúnaðarstörfum. Jón Ingvi á ekki hlutafé í sparisjóðnum og hefur ekki gert kaupréttarsamninga við sjóðinn. Hann hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila sparisjóðsins né heldur hluthafa sjóðsins.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Sparisjóðurinn birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu sjóðsins og sendir út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfseminni. Á aðalfundi sparisjóðsins er farið ítarlega yfir starfsemi sjóðsins.

19. Ófjárhagslegar upplýsingar

Sparisjóður Höfðhverfinga starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og telst starfssvæði sparisjóðsins samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 61. gr. laganna vera Norðurland Eystra. Sjóðurinn starfar og býður þjónustu sína með þeim starfsheimildum sem hann hefur lögum samkvæmt á öllu Íslandi. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er að vera mikilvæg þjónustu- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað eðlileg viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og þurfa þess vegna ekki að sækja slíka þjónustu um langan veg. Með skilvirkni í rekstri og ábyrgri stjórnun mun það samfélag sem er á starfssvæði sjóðsins, njóta tilvistar sjóðsins þar sem hann miðlar fjármagni á milli fyrirtækja og einstaklinga. Eins og frá upphafi styður sjóðurinn við uppbyggileg samfélagsleg verkefni hafi sjóðurinn afkomu og fjárhagsstöðu til þess. Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sparisjóðsins sem tengist umhverfis, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.



www.spsh.is

Sparisjóður Höfðhverfinga
Túngötu 3
610 Grenivík
Sími: 460 9400
Tölvupóstfang: spsh@spsh.is